

Pési



Lesið þetta

- Jólin nálgast
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Uppsveitadagatal 2009
- Tónleikar

Næsti Pési kemur út 16. jan. Skil á efni er 13.jan

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Fjárhagsáætlun	6
Bókasafnið	13
Sorphirða	14
Jólatréssala	19

Des 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólful Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 222. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Sveitasýn - sjónarhorn Sigga í Syðra – ljósmyndasýningin í Skálholti

Það er hverju samfélagi mikilvægt að eiga góða fréttaritara. Sigurður Sigmundsson stendur sig svo sannarlega vel í þeim efnum. Nánast í hverri viku birtast hjá honum myndir eða fréttir – nú síðast í sunnudags Morgunblaðinu flott mynd af Einari Harðarsyni sem reykir kjöt að fornum sið með bróður sínum Úlfari. Þetta starf Sigurðar er ómetanlegt á þessum vettvangi bæði fyrir Morgunblaðið og Sunnlenska fréttablaðið. Sigurður hefur verið fréttaritari Morgunblaðsins í 36 ár. Nú er verið að setja upp ljósmyndasýningu í Skálholti sem nefnist „Sveitasýn – sjónarhorn Sigga í Syðra á uppsveitum Árnassýslu“ Þar eru sýndar myndir sem Sigurður hefur tekið hér um slóðir. Við óskum Sigurði til hamingju með sýninguna og hvetjum fólk til þess að skoða hana. Sýningin opnar í byrjun nýs árs. Á þessu ári hafa fjölmargar ljósmyndir Sigurðar skreytt Pésann.





Úlfar og Einar Harðarsynir með nýreykt jólahangiket

Ljós: SigSigm



2 Hótelhaldararnir Guðmundur og Margrét buðu eldri borgurum til veislu þann 9.des

Jólin nálgast

Enn á ný fáum við að upplifa aðdraganda jóllanna. Þessi upplifun birtist okkur í ýmsum myndum. Það var notaleg aðventustund sem við áttum í Félagshemili Hrunamanna þann 30 nóvember s.l. Aðventustundin var að vanda undir forystu sóknarprestisins okkar og sóknarnefndar Hrunaprestakalls. Á stundum sem þessum er Kvenfélagið aldrei langt undan en það er einmitt einn af máttar- og menningarstólpum samfélagsins. Þá er ánægjulegt að fylgjast með unga fólkinu sem tekur þátt í aðventusamkomunum, allt hefur þetta áhrif á þroska og að fólk geri sér grein fyrir því að á bakvið samkomur sem þessar liggur mikil undirbúningsvinna. Við lifum afar sérkennilega tíma á Íslandi um þessar mundir. Við erum minnt á draum Farós sem sagt er frá í hinni helgu bók að baki sjö gjöfulla ára koma sjö síðri ár. Yngri kynslóðirnar eiga þessu ekki að venjast en eldra fólk hefur lifað tímanna tvenna og rifjar upp allar þær miklu breytingar og byltingu sem átt hefur sér stað í samfélagi okkar á til þess að gera ótrúlega skömmum tíma. Við verðum að treysta því að aftur komist á jafnvægi á Íslandi og að við getum horft stolt til framtíðar. Heilsa og atvinna eru hvað mikilvægustu þættir í lífi sérhvers manns. Þess vegna er ánægjulegt að áhugasamir athafnamenn hafa áhuga á að reisa heilsuþorp hér á Flúðum. Undirrituð hefur verið sérstök viljayfirlýsing í þeim efnum. Hugmyndirnar eru vissulega djarfar og þar ræður bjartsýni ríkjum, en þær eru mjög spennandi og falla vel inn í þá ímynd sem við viljum skapa samfélaginu okkar. Ef af þessu verður sem við vonum, mun atvinnuflóran breytast og mun meiri fjölbreytni skapast í atvinnulífi hreppsins. Slík heilsuþorp eru vítt og breytt um heiminn t.d. í Ungverjalandi og fjöldi Íslendinga hefur farið á heilsustofnanir til Póllands til þess að breyta um lífsstíl. Hugmyndir þessara athafnamanna eru að heilsuþorpið sé bæði fyrir innlenda- og erlenda. Fólk kemur í einskonar ástandsskoðun og fær síðan þjónustu í samræmi við það sem út úr henni kemur. Þetta er vissulega ljós í þeirri umræðu sem er á Íslandi um þessar mundir. Á sama hátt eru jólin svo sannarlega ljós á þeim tíma þegar sólin er lægst á lofti. Á jólum gefst flestum tómi til að dvelja með vinum og vandamönnum og njóta samvista við sitt fólk. Tryggð og vinátta eru dyggðir sem við eigum að rækta og jólin eru einmitt sá tími sem við eigum að nota til þess að rækta þessi gildi. Við þurfum einnig að hafa opin augu fyrir þeim sem eru minni máttar og einmana og rétta hjálparhönd þar sem þörf er á. Ég vil fyrir hönd hreppsnefndar Hrunamannahrepps óska íbúum hreppsins, starfsmönnum og eigendum frístundahúsa í Hrunamannahreppi gleðilegra jóla með þakklæti fyrir samstarf og samvinnu á liðnu ári. Við höfum svo sannarlega lifað viðburðarríkt ár.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Skólarnir okkar tilnefndir til Menntaverðlauna

Leikskólinn Undraland og Flúðaskóli voru tilnefndir til Menntaverðlauna Suðurlands. Tvær aðrar menntastofnanir á Suðurlandi voru tilnefndar. Að þessu sinni hlaut Fræðslunet Suðurlands verðlaunin en við getum hins vegar verið stolt af því að þessar tvær menntastofnanir okkar skuli hafa verið tilnefndar. Fulltrúar Skólaskrifstofu vöktu sérstaka athygli sveitarstjóra á hve metnaðarfullt starf er unnið í þessum stofnunum okkar. Við óskum nemendum og starfsfólki skólanna til hamingju með tilnefninguna.

Árvið myndarskapur hjá hótelhöldurum

Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson hótelhaldarar á Hótel Flúðum hafa boðið eldri borgurum til jólaveislu um margra ára skeið. Engin undantekning var á því þetta árið. Jólaveislan var haldin s.l. þriðjudag og var glatt á hjalla eins og vera ber. Veisluborðin svignuðu og var allur viðurgjörningur eins og best verður á kosið. Þau hjónin eiga heiður skilinn fyrir þetta framtak og eldri borgarar hafa beðið um að koma á framfæri sérstöku þakklæti. Þeir kunna vel að meta gestrisni hjónanna og þá fallegu hugsun sem að baki býr.

50 ára afmæli Félagsheimilisins.

Guðmundur Ísak Pálsson benti ritstjóra Pésans á að 23. nóvember s.l. voru 50 ár liðin frá því að Félagsheimili Hrunamanna var vígt og kom með ljósrit af merkilegri grein úr blaðinu Suðurlandi. Sr. Sveinbjörn Sveinbjörnsson í Hruna blessaði húsið hélt merkilega ræðu þar sem hann sagði m.a. „ Því er eins og einn spekingur fornaldar hafði sagt að húsbóndinn skuli heiðra húsið, en ekki húsið húsbóndann þannig væri og með samkomurnar og húsið sjálft í þessu treysti hann æsku Hrunamannahrepps. Þær mótuðust af þeim „sem þangað sæktu. Það tók hreppsúía sex ár að byggja húsið og mikil vinna var unnin í sjálfboðavinnu. Á þessum tíma var Sigmundur Sigurðsson í Syðra-Langholti oddviti hreppsins. F.h. húsnefndar tók Jóhannes Helgason í Hvammi við húsinu, Einnig töluðu m.a. Kjartan Helgason í Hvammi f.h. ungmennafélagsins og Margrét Sigurðardóttir f.h. Kvenfélagsins. Þorsteinn Einarsson þ.v. íþróttafulltrúi og formaður Félagsheimiliasjóðs hrósaði sérstaklega Guðmundi Sigurdórsyni sem var gjaldkeri vegna byggingarinnar. Víst er að Félagsheimilið hefur haft mikið að segja fyrir félags- og menningarlíf hreppsins og er tákni um stórhug og samheldni. Einnig hefur margur dansinn verið stiginn á dansgólfi hússins allt frá tvísti, skottís og angurværum vangadansi.

Varaþingmaður í Hrunamannahreppi

Eftir miklar og óvæntar hrókeringar hjá framsóknarmönnum Bjarna Harðarsyni og Guðna Ágústssyni er Elsa Ingjaldsdóttir í Syðra-Langholti orðin fyrsti varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi. Elsa er sambýliskona Sigurðar Inga oddvita hreppsins eins og flestir vita. Elsu er óskað til hamingju með þessa vegsemd og er ekki ólíklegt að Elsa setjist á þing. Varaþingmenn eru kallaðir inn ef þingmaður tekur þátt í verkefnum á vegum þingsins í útlöndum t.d. seta á þingi Sameinuðu þjóðanna svo dæmi sé tekið. Sé varaþingmaður kallaður til þings situr hann aldrei skemur en í tvær vikur á þingi.

Vél sem fleygar niður veggklæðningu

Guðmundur Magnússon, trésmíðameistara á Flúðum er margt til lista lagt. Hann er hugmyndaáhrifur maður og hefur nýlega flutt inn vél frá Kanada. Vélin fleygar niður trjávið í ákveðnar einingar eða plötur sem eru síðan notaðar í klæðningu á hús. Þetta er afar spennandi og nýttist vel varðandi trjávið sem til fellur við grisjun á Íslandi. En eins og lesendum er kunnugt um hefur mikið verið gróðursett af trjáviði vítt og breytt um landið á síðustu áratugum. Lerki hentar einkar vel í veggklæðningu á húsum. Þegar hafa aðilar t.d. í Skorradal pantað sögun á lerki til þess að nýta sem veggklæðningu. Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa merkilega verkefnis. Mynd af vélinni birtist hér í blaðinu.

Jólatónleikar karlakórsins

Að sögn velunnara Pésans er sagt að ritstjórinn geti aldrei látið hjá líða að minnast á Karlakór Hrunamanna. Ekki verður svikist undan þeim vana. Haldið var seiddmagnað karlakvöld í lok síðasta mánaðar. Kvöldið þótti takast í alla staði vel enda sá fyrsti tenór um undirbúninginn. Veislugestir kjömsuðu á úrvals hrossakjéti frá Hjalta á Kjóstöðum. Ekki fylgdi sögunni hve gamall klárinn var er hann var felldur. Hrossakjétið var meyr og gott og voru þarna menn sem töldu að klárinn hefði ekki farið færri ferðir yfir Kjöl en Hjalti sjálfur, sem er rétt miðaldra og hefur farið 100 ferðir. Karlarnir ætla að vera alvarlegri og hátíðlegri á jólatónleikum sem haldnir verða í Skálholtskirkju þriðjudaginn 16. desember n.k. Þar syngja þeir jóla-lög undir stjórn Editar Molnár en slaghörpuna slær Miklos Dalmay. Einnig koma fram Eldri barnakór og Unglingakór Selfosskirkju. Sr. Eiríkur Jóhannsson, prófastur Árnesprófastsdæmis og félagi í karlakórnum flytur hugvekj. Þá mun fiðlukvartett leika jólatónlist. Aðgangur er ókeypis og hefjast tónleikarnir kl. 20.30.

Fundir og fjárhagsáætlanir

Nóvember er sá mánuður þar sem mikið er um sameiginlegt fundahald sveitarfélaga. Árleg fjármálaráðstefna var haldin í Reykjavík. Þar sem grunnur er lagður að fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna en gríðarleg óvissa er um fjármál sveitarfélaga um þessar mundir eins og reyndar fjármál fyrirtækja og einstaklinga. Einn af ráðstefnustjórum var oddviti okkar Sigurður Ingi Jóhannsson. Þá var einnig haldinn ársfundur SASS þar var Sigurður Ingi kjörinn varaformaður samtakanna. Þessa dagana er unnið að fjárhagsáætlunargerð næsta árs en stefnt er að, að fyrri umræða fjárhagsáætlunar fari fram fyrir áramót. Fjárhagsáætlanir eru allstaðar seinna á ferðinni hjá sveitarfélögum, en ástæðan er efnahagsfárviðrið sem herjað hefur á íslenskt þjóðfélag.

Myndir tvíburabræðranna Sigurgeirs og Sigurðar í Uppsveitadagatalinu

Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu, Ásborg Arnþórsdóttir hefur staðið fyrir sérstöku Uppsveita viðburðadagatali. Að þessu sinni skreyta dagatalið myndir sem Sigurður Sigmundsson og bróðir hans Sigurgeir heitinn Sigmundsson kaupmaður á Grund hafa tekið. Þeir bræður hafa í gegnum tíðina tekið mikið af myndum og er tilhlökkunarefni að sjá þær í Uppsveitadagatalinu. Myndir þessar eru teknar fyrir 20 til 45 árum.

Gamlárbrennan á þrettándanum.

Oft hefur verið rætt um að vera með veglega brennu á þrettándanum í stað þess að vera með brennuna á gamlárskvöld. Ástæður fyrir þessu er að fólkið út í dreifbýlinu getur ekki notið brennunnar á gamlárskvöld, einnig eru hefðir fyrir minni brennum við fjölmörg býli í hreppnum þetta kvöld. Þá fylgjast margir með skemmtilegri sjónvarpsdagskrá á gamlárskvöld og gefa sér ekki tíma til þess koma á brennuna. Nú hefur hreppsnefnd og forsvarsmenn Björgunarfélagsins ákveðið að hafa eina myndarlega brennu á þrettándanum og vera ekki með stóra sameiginlega brennu á gamlárskvöld. Það er von manna að þessi háttur falli íbúum Hrunamanna-hrepps vel í geð. Björgunarfélagið mun að vanda sjá um flugeldasölu og flugeldasýningu í hreppnum. Tómas Þórir slær ekki slöku við fremur en fyrri daginn við að safna í brennuna sem þegar hefur tekið á sig mynd.

Heimsókn fulltrúa umhverfisráðuneytis á Flúðir

Í síðustu viku komu hér fulltrúar umhverfisráðuneytis, umhverfisstofnunar, vegagerðar og Landmælinga. Erindið var að ræða um utanvegaakstur á Hrunamannaafretti. Fulltrúar þessara stofnana hafa í hyggju að kortleggja ákveðnar vegaslóðir í samráði við heimamenn. Markmiðið er að stuðla að því að akandi vegfarendur um hálendi Íslands aki ekki utan merktra vegaslóða. Fundurinn var fróðlegur og markmiðið að takast á við ólöglegan utanvegaakstur allra góðra gjalda verður því eins og allir þeir sem um hálendið fara vita er gróður afar viðkvæmur þar og oft unnar miklar skemmdir þar sem gáleysislega er ekið. Það er nauðsynlegt að hafa skikk á þessum hlutum svo ekki sé talað um ef og þegar heilagur kaleikur finnst í Skipholtskróki. Stefnt er að áframhaldandi leit á næsta ári.

Afskráning dráttarvéla og annarra ökutækja

Tómas Þórir Jónsson sér um afskráningu ökutækja hér í hreppnum. Bent skal á að ef að bændur selja dráttavélar úr landi ber að afskrá þær. Ef að bifreið er talin ónýtt er sjálfsagt að afskrá hana og er úrvinnslugjald kr. 15.000 en sú upphæð rennur til eiganda bifreiðarinnar. Á þessu ári hafa u.þ.b. 100 bifreiðar verið afskráðar hér í hreppnum. Á þessum árstíma er einnig upplagt að klippa tré og greinar til þess að aðgengi að húsum og heimreiðum sé sem greiðast.

Frá launafulltrúa!!!!!!

ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2008 í síðasta lagi 19. desember nk.





HREYFING ER HEILSUBÓT

Nýtum íþróttamannvirki enn betur í þágu almennings

Áskorun til ráðamanna sveitarfélaga

Regluleg almenn hreyfing er gríðarlega mikilvæg öllum þeim sem glíma við gigt og hverskonar stoðkerfisvandamál. Sama á við um allan þann fjölda fólks sem þarf að takast á við sjúkdóma og kvilla í hjarta og lungum, sykursýki, offitu, kviða, þunglyndi, sveftruflanir, streitu, illkynja sjúkdóma o.s.frv. Einnig er almenn hreyfing mikilvæg fyrir allan almenning, ekki síst á erfiðum tímum eins og nú ríkja á Íslandi.

Íþróttamannvirkin víða um land eru og geta verið í enn meira mæli heilsubrunnur fyrir alla íbúa. Við núverandi aðstæður skorar Gigtarráð á ráðamenn sveitarfélaga landsins að þeir beiti sér fyrir eftirfarandi...

1. Að á ákveðnum tímum dags verði almenningi boðið að nota yfirbyggð knattspyrnuhús til göngu, ýmist á eigin vegum eða undir handleiðslu þjálfara.
2. Leitast verði við að skapa jákvæðan anda og aðstæður fyrir íbúa til að blanda geði og hreyfa sig markvisst til hagsbóta fyrir líkamlega og andlega heilsu.
3. Sundleikfimi verði í boði sem víðast sem og sundkennsla fyrir fullorðna.
4. Fólki á atvinnuleysisbótum og lífeyri njóti sérstakra kjara á sundstöðum
5. Almenningsíþróttacildir íþróttafélaganna verði eflðar og auglýstar vel

Það er skoðun Gigtarráðs að íþróttamannvirki sveitarfélaga geti skipt miklu fyrir fólki sem á við erfiðleika að stríða vegna þeirrar efnahagskreppu sem við Íslendingar eigum nú við að etja. Við skorum á sveitarstjórnarmenn að skoða þennan raunhæfa möguleika sem gæti bætt líðan margra.

19.11.2008

F.h. Gigtarráðs

Svanlaug Guðnaðóttir
Svanlaug Guðnaðóttir
formaður.



Jólakveðja



Kaffi-Sel sendir öllum íbúum Hrunamanna-hrepps og öðrum viðskiptavinum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða.

Um leið viljum við taka fram að ekki verður opið hjá okkur á Þorláksmessudag.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/891-7811

Netfang: info@kaffisel.is



Jólakveðja

Sendum lesendum Pésans, starfsmönnum- og íbúum Hrunamannahrepps hugheilar jóla og nýárskveðjur. Sveitarstjóri og Hreppsnefnd Hrunamannahrepps.



Frá Hjónaballsnefnd 2009
Hjónaballið verður haldið laugardaginn
7.mars 2009.
Takið daginn frá.
Bestu kveðjur frá nefndinni.



SKÖTU OG
SALTFISKVEISLA
Á GRUND



SKÖTU OG SALTFISK HLADBORD
Á ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL: 12.00-14.00 OG
FRÁ KL 19.00-21.00

VERÐ KR. 1.790 PER MANN

VINSAMLEGA PANTIÐ TÍMANLEGA Í SÍMA
552-6962

VIÐ ÓSKUM ÖLLUM ÍBÚUM HRUNAMANNA-
HREPPS GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR
Á NÝJU ÁRI OG ÞÖKKUM ÁNÆGJULEG
VIÐSKIPTI Á ÁRINU



Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum
öllum óskir um gleðileg jól og farsæld
á komandi ári.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Samkaup strax

Opnunartími í desember .

Mánud til föstudaga	09:00-19:00
Laugardagur 21. desember	09:00-19:00
Sunnudagur 22. desember	10:00-19:00
Mánudagur/Þorláksmessa	09:00-19:00
Aðfangadagur	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
27. desember	10:00-19:00
28 desember	10:00-17:00
29 desember	09:00-19:00
30. desember	09:00-19:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2009	LOKAÐ
Þriðjudagur 02.01.2007	10:00-19:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Munið helgartilboðin

Þökkum viðskiptin á árinu

sem er að líða

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax

á Flúðum.

GLEÐILEG JÓL



HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur.

Skv. 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur.(Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leiti í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár,staðfest af skattstjóra
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna,sbr.1.mgr.9.gr,fyrir þrjá síðust mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls,aðstæður og atvik kunna að kalla á.

Hægt er að lesa lögin í heild á felagsmalaraduneyti.is
Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamannahrepps
fyrir 16.janúar 2009.

Sveitarstjóri

Sorphirða í sveitarfélaginu um jól og áramót
Sorp verður tekið dagana 20,21og 22 desember eftir veðri
og vindum og síðan
í byrjun janúar 2009.

Munið að moka snjó frá sorpílátum!!

Minni á gámana

Óska sveitungum gleðilegra jóla
og þakka samstarf á árinu
Tómas Þórir Jónsson verktaki



Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu um hátíðarnar

Þorláksmessa: 09:00-12:00

Aðfangadagur LOKAÐ

29. desember. 10:00-12:00 og 13:00-16:00

30. desember. 10:00-12:00 og 13:00-16:00

Gamlársdagur. 10:00-12:00

Gleðileg jól



Frá Bókasafni Hrunamanna

Nú þegar rökkrið er allsráðandi og jólin á næsta leyti, er fátt betra en að kúra undir sæng með góða bók. Þórarinn Eldjárn hefur ort ljóð um þessa nautn:

Gaman er að liggja og lesa,
langar nætur upp í bæli,
söguskrúddur, skræður, pésa,
skýrslur ljóð og eftirmæli.



Nú eru jólabækurnar farnar að berast í bókasafnið og um að gera að koma og líta á þær. Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í **2 vikur**. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Athugið að opið er milli jóla og nýárs:

Mánudaginn 29. des. Kl. 20-21

Þriðjudaginn 30. des. Kl. 16-18

Lánstími eldri bóka og tímarita er **4 vikur** og útlán má framlengja með einu símtali.

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Á bókasafninu má finna frið og ró frá amstri dagsins.

Hvetjum alla, unga sem aldna til að lesa sér til gagns og gamans.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu.

Verið hjartanlega velkomin – Gleðileg bókaþól.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimili Hrunamanna

Sími 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Hesthús til sölu.
Átta hesta hús í Högnastaðamýri til sölu.
Upplýsingar gefur Þór í síma 617 5373

Eigum ennþá fáein eintök af “Hrunamenn I og II”
Bækurnar eru til sölu á Skrifstofu Hrunamannahrepps
Gjafverð!! 8.500 kr



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Þá er komið að lokum sýningarinnar Picasso á Íslandi sem fengið hefur góðar móttökur hinna fjölmögu gesta sem hana hafa skoðað. Sýningunni lýkur sunnudaginn 14. desember og þann dag kl. 15 mun Inga Jónsdóttir safnstjóri fara með gestum um sýninguna og skapa umræður meðal þeirra um verkin og markmið sýningarinnar.

Í framhaldi af sýningunni Picasso á Íslandi í Listasafni Árnesinga er áhugavert að benda á tvær sýningar sem nú standa yfir í París, í Grand Palais og Orsay safninu.

Sýningin í Grand Palais sem er unnin í samvinnu við Louvre og önnur frönsk söfn, er helguð Picasso, en sjónum beint að áhifum sem hann hefur þegið frá öðrum málurum, s.s. Manet, Delacroix, Renoir, Velasquez, Titian og Van Gogh. Á sýningunni í Listasafni Árnesinga er sjónum hins vegar beint að áhrifum sem Picasso hefur ef til vill haft á verk 26 íslenskra myndlistarmanna, sem unnin eru á árunum ca. 1911 – 2005. Verkin eru fengin að láni frá helstu söfnum landsins, s.s. Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Listasafni Háskóla Íslands og Listasafni ASÍ.

Í Orsay-safninu er yfirskrift sýningarinnar Picasso/Manet: Le déjeuner sur l'herbe. Hún er sögð vera útvíkkun á sýningunni í Grand Palais og á að sýna hvernig Picasso notar hugvit og endurvinnslu, tilvitnun í og tileinkun á eldri málverk listasögunnar og lætur það bera ríkulegan ávöxt í röð málverka þar sem hann vitnar í verk 19. aldar málarans Manet, Le déjeuner sur l'herbe, sem á íslensku hefur verið þýtt sem Morgunverður í náttúrunni. Það er gaman að geta þess að á sýningunni í Listasafni Árnesinga er einmitt verk eftir Erró þar sem hann vitnar í eitt verka Picasso sem er til sýnis á fyrrnefndri sýningu í Orsay safninu. Verk Erró nefnist The Country Side, eða Sveitin.

Listasafn Árnesinga er opið fimmtudaginn 11. desember – sunnudagsins 14. desember kl. 12 – 18 og er aðgangur ókeypis.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímabantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Tek að mér að mynda börn og fullorðna við flest öll tækifæri. Fólk fær myndirnar fullunnar á geisladiski. Verð í myndatökum á Flúðum fyrir jólin, myndir má sjá á <http://flickr.com/photos/31114103@N05/>

Gummi Rúnar 664 3676

Taktu þér tak með

Herbalife.

Hringdu og fáðu frían

prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingar-

aðili Herbalife.

siljal@simnet.is / 892

16

6728



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665.**

Ingá Birna.

Viðburðir í desember á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Vinsamlegast athugið að **jólafundur** félagsins var færður af óviðráðanlegum orsökum og verður haldinn nú á mánudaginn 15. des. kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Barnaskemmtunin verður haldin **sunnudaginn 28. des.kl.14:00.**

Takið daginn frá.

Frestur til að sækja um í **Freyjusjóði** rennur út 15. des. Sjá nánar á www.fludir.is.

Með jólakveðju frá okkur öllum og kæru þakklæti til þeirra sem hafa starfað á okkar vettvangi eða styrkt starf okkar á einn eða annan hátt.

Fatnaður til sölu !!

Hef til sölu útskufatnað (London) frá versluninni Monró,

Stráka og stelpu hettupeysur, boli á bæði kynin, (er einnig með nokkra “David Becham boli”)

Leðurjakka, anorjakka, herrapeysur, belti, leggings (háglans) og fleira.

Kristín Karólína s: 899 6616

Uppsveitadagatalið 2009

Annar árgangur Uppsveitadagatalsins litur nú dagsins ljós. Fyrri árgangurinn var gefinn út í samstarfi ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, Skálholtsstaðar og Skúla Sælands sagnfræðings.

Uppsveitadagatalið byggir á ljósmyndum úr fórum uppsveitafólks sem varpa ljósi á menningu og sögu í uppsveitasveitarfélögunum fjórum, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hvert eintak verður númerað til að auka á söfnunargildi útgáfunnar.

Myndirnar í þessu dagatali eru fengnar úr myndasöfnum tvíburabráðranna Sigurgeirs og Sigurðar Sigmundssona. Þeir ólust upp í Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi og festu rætur í sveitarfélaginu. Báðir mynduðu þeir atburði og mannlif í nágrenni sínu auk þess sem Sigurður gerðist atvinnuljósmyndari og fréttaritari fyrir Morgunblaðið. Í dagatalinu má greina sjónarhorn bráðranna á mannlifið í uppsveitunum og sömuleiðis verður ljósmyndasýning er nefnist *Sveitasýn. Sjónarhorn Sigga í Syðra á uppsveitir Árnessýslu* í Skálholtskóla s.hl. vetrar 2008-2009 sem sýnir myndir Sigurðar enn frekar.

Útgefendur Uppsveitadagatalsins eru Skúli Sæland f.h. Menningarmiðlunar ehf. í samstarfi við Sigurð Sigmundsson og Skálholtsstað. Hrunamannahreppur og Menningarráð Suðurlands veittu stuðning við útgáfu dagatalsins og uppsetningu ljósmyndasýningarinnar og kunna aðstandendur þeim bestu þakkar.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



**Jólatrésala Björgunarfélagsins
Eyvindar**

**Verður í húsi félagsins á
Flúðum**

**Laugardaginn 13. desember frá
kl 13:00 til 18:00 og**

**Sunnudaginn 14. desember frá
kl 13:00 til 18:00**

**Verðum með allar helstu tegundir af trjám
eins og**

undanfarin ár.

**Vonumst við til að sem flestir komi og kaupi
sér tré og styrki
með því gott málefni**



**Björgunarfélagið Eyvindur sendir öllum
Hrunamönnum, nærsveitungum og öðrum
þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða
annan hátt, óskir um gleðileg jól og gæfuríkt
komandi ár með þökk fyrir góðan stuðning
á liðnu ári.**



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólafréttir.

Mörgum okkar finnst tíminn æða áfram þessa dagana, mikið um að vera og margt að gera. Hjá okkur íbúum í Undralandi er desember annasamur mánuður. Alla daga fram að jólum komum við saman inni á Móa-koti sem er yngsta deildin, kveikjum á adventukransinum sem börnin á Skógarkoti bjuggu til og syngjum jólalög og eigum notalega stund saman, en mesta tilhlökkunin er þegar dagatalapakkarnir eru opnaðir. Við böfum líka piparkökur og bjóðum foreldra sérstaklega velkomna. Í Undralandi geymum við ekki kökurnar í innsigliðum stömpum langt uppi á hillu, við borðum þær strax ylvogar og ilmandi og rennum þeim niður með ískaldri mjólk.

Foreldrafélagið sá um að skreyta litla jólatréð okkar í garðinum og var kveikt á því þann 1. desember.

Næstu viku verðum við á ferð og flugi og tökum þátt í hinum ýmsu viðburðum, má þar nefna adventuhátíð í skóginum með Flúðaskóla og heimsókn í Heimaland sem er orðinn fastur liður. Í Heimaland er gott og gaman að koma, margir hitta þar afa og ömmu, frænku og frænda. Ekki er allt búið enn, jólaballið verður 19. desember og þá mætir Undrabandið og spilar og syngur með okkur jólalögin og hver veit nema einhverjir jólasveinar reki inn nefið.

Okkur langar til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa tekið á móti okkur þegar við erum í könnunarleiðöngurum um sveitina okkar, einnig þeim sem komið hafa færandi hendi með efni við af ýmsu tagi. Það er ómetanlegur fjarsjóður að eiga svona yndislegt samfélag.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár. Takk fyrir samstarfið á liðnu ári.

Börn og starfsfólk Undralands.



**JÓLATÓNLEIKAR
KARLAKÓRS HREPPAMANNA
Í SKÁLHOLTSKIRKJU**

ásamt
**ELDRI BARNAKÓR og UNGLINGAKÓR
SELFOSSKIRKJU**
Þriðjudaginn 16. desember
kl: 20:30

Stjórnandi: Edit Molnár
Píanóleikari: Miklós Dalmay

Aðgangur ókeypis

Hugljúfir jólatónar í Skálholtskirkju

Hugljúfir jólatónar munu óma um Skálholtsstað þriðjudaginn 16. desember nk. en þá heldur Karlakór Hreppamanna tónleika í kirkjunni, til að lyfta andanum á aðventunni. Á tónleikunum koma einnig fram Eldri barnakór og Unglingakór Selfosskirkju með englaraddir sínar. Stjórnandi allra kóranna þriggja er Edit Molnár en píanóleikari er Moklos Dalmay.

Sr. Eiríkur Jóhannsson, prófastur Árneshólsdæmis og félagi í karlakórnum, flytur hugvekjju í anda tilefnisins og fiðlukvartett leikur glæsilega jólatónlist frá barokkskeiðinu.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og allir eru hjartanlega velkomnir. Aðgangur er ókeypis.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hruna-
mannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-
tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar



Björgunarfélagið Eyvindur afhendir yngsta stigi Flúðaskóla endurskinsmerki , en allir starfsmenn og nemendur Flúðaskóla og Leikskólans Undralands fengu afhent endurskinsmerki frá Björgunarfélaginu

Nýja vélin, hans Guðmundar Magnússonar (sjá bls 5)





Frá undirskrift viljayfirlýsingar um heilsuþorp á Flúðum Ljós. SigSigm



Yngri barnakór Flúðaskóla söng á Aðventuhátíðinni 30.nóv
24

Ljós. SigSigm